

Samgöngufélagið

Jónas B. Guðmundsson

**Svör við fyrirspurn Samgöngufélagsins**

Yðar tilvísun: Vísað er til tölvupósts frá 11. ágúst 2022

Fyrirspurnin er þessi:

Á vegum Samgöngufélagsins í samstarfi við fyrirtækið Envalys ehf. er áformuð könnun á viðhorfum til kosta sem taldir eru í skýrslu sem Samgönguráðuneytið lét vinna, kom út í júní 2019 og nefnist "Seyðisfjarðargöng valkostir og áhrif á Austurlandi". Sjá [hér](#).

Síða 1/3

Má gera ráð fyrir svohljóðandi spurning verði borin upp:

Hvaða valkost (A-D) telur þú hyggilegast að ráðist verði í fyrst svo hámarka megi jákvæð samfélagsleg áhrif framkvæmdanna fyrir Austurland OG Seyðisfjörð?

- A. Jarðgöng undir Fjarðarheiði (13,3 km)
- B. Jarðgöng milli 1) Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar (5,6 km) og 2) Mjóafjarðar og Héraðs (9,0 km)?
- C. Jarðgöng milli 1) Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar (5,6 km) og 3) Mjóafjarðar og Norðfjarðar (6,9 km)?
- D. Annað - hvað?

Þá verða helstu forsendur varðandi kostnað, vegalengdir og verktíma hafðar í kynningartexta. Helstu upplýsingar varðandi Fjarðarheiðargöng er að finna í matsskýrslu vegna umhverfismats. Þar kemur m.a. fram að áætlaður kostnaður við gerð gagnanna ásamt vegum að þeim sé um 45.000 m.kr. og framkvæmdatími eftir útboð verði um 7 ár.

Því væri afar vel þegið að fá helstu upplýsingar um áætlaðan kostnað við gerð eftirtalinnna þriggja ganga:

Milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar, milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar og loks milli Mjóafjarðar og Héraðs og áætlaðan tíma sem þarf til undirbúnings fram að útboði og áætlaðan framkvæmdatíma eftir útboð.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Svar Vegagerðarinnar:

Það sem birt er að neðan eru grófar áætlanir þar sem hönnunin er á skilgreiningarstigi fyrir göng milli Mjóafjarðar og Héraðs og á frumdragastigi fyrir göng á milli Seyðisfjarðar - Mjóafjarðar – Norðarfjarðar, og óvissan eftir því.

Áætlaður kostnaður við jarðgangagerð umræddra ganga, miðað við byggingavísitölu BV2021M12:

Seyðisfjörður-Mjóifjörður: 16 millj.kr. Inn í þessu mati eru göng 5,4 km löng og 0,7 km vegagerð og ein u.þ.b. 50 m löng brú.

Mjóifjörður – Norðfjörður: 21 millj.kr. Inn í þessu mati eru göng 7 km, 2,2 km vegagerð og ein u.þ.b. 100 m brú.

Mjóifjörður – Hérað: 30 millj.kr. Inn í þessu mati eru u.þ.b. 9 km göng, 9 km vegagerð og ein brú.

Síða 2/3

Undirbúningstími og verktími:Göng: Seyisfjörður-Mjóifjörður:

- Undirbúningstími: 4-5 ár (Rannsóknir + Forhönnun + MÁU + Verkhönnun)
- Verktími/framkvæmdatími: 4-5 ár í verktíma (litið er á Sey-mjó og Mjó-NOR sem sama verkefnið með sama verktíma og ráða því lengri göngin um verktíma.
- Samtals 8-10 ár

Vegagerðin

Göng: Mjóifjörður – Norðfjörður:

- Undirbúningstími 4-5 ár (Rannsóknir + Forhönnun + Verkhönnun + MÁU)
- Verktími/framkvæmdatími: 4-5 ár í verktíma
- Samtals 8-10 ár

Göng: Mjóifjörður – Hérað:

- Undirbúningstími 5-6 ár (Rannsóknir + Frumdrög+ Forhönnun + Verkhönnun + MÁU)
- Verktími u.þ.b. 5 ár.

Samgöngufélagið spurði auk þess:

Einnig, ef upplýsingar liggja fyrir, hversu mikla vegagerð í kílómetrum talið þarf til að tengja göngin við vegakerfið og hugsanlegur kostnaður við gerð þeirra. Gott væri að fá sömu upplýsingar varðandi Fjarðarheiðargöng.

Svar Vegagerðarinnar:

Þessar upplýsingar koma fyrir í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga sem hægt er að nálgast á vefsíðu Skipulagsstofnunar og Vegagerðarinnar, að neðan eru útklippur úr samantektarkafli skýrslunnar:

	Lengd	Efnisþörf í vegi	Umfram- efni	Brýr	Stofn- kostnaður*
	Km	m ³	m ³	Stk.	m.kr.
Jarðgöng	13,3	-	-	-	41.000
Héraðsmegin					
Norðurleið	10,1	707.000 m ³	29.000 m ³	2	4.600
Miðleið	4,1	314.000 m ³	396.500 m ³	1**	2.700
Suðurleið	6,9	450.000 m ³	325.000 m ³	1**	3.050
Seyðisfjarðarmegin					
Ný veglína	3,5	319.500 m ³	363.000 m ³	-	1.230
Núverandi vegur	2,8	241.500 m ³	420.500 m ³	-	700

* Á verðlagi desember 2021 ** Auk bráðabirgðabráur

Síða 3/3

Loks er spurt hvaða áform eru varðandi veg yfir Fjarðarheiði ef göng verða gerð undir heiðina.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin

Sjá úrklippu úr Umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga:

Að framkvæmdum loknum er stefnt að því að núverandi vegur yfir Fjarðarheiði leggist af sem stofnvegur yfir háheiðina. Honum verður þó áfram haldið við sem landsvegi. Vegurinn Seyðisfjarðarmegin að skíðasvæðinu í Stafdal verður tengivegur og honum haldið opnum að vetrarlagi í samræmi við þjónustustig hans. Að sumarlagi getur vegurinn verið notaður sem ferðamannaleið.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Magnús Valur Jóhannsson

Undirskrift

